

1. kafli – Reglur um grunnnám

1. Grunnnám á háskólastigi

1.1 Inntökuskilyrði

Umsækjandi þarf að hafa lokið stúdentsprófi og/eða staðist inntökupróf eða lokið öðrum undirbúningi (sbr. lög nr. 63/2006), sem háskólaráð telur jafngildan. Sértek inntökupróf eru fyrir tilteknar námsbrautir. Umsóknnum nemenda, sem ekki hafa lokið stúdentsprófi, skal vísað til kennslunefndar til afgreiðslu, sbr. verklagsreglur þar um. Nemendur annarra háskóla geta einnig tekið hluta af námi sínu við Háskólann á Hólum enda sé kveðið á um það í sérstökum samningum milli stofnana.

1.2 Inntaka nýnema

Umsóknir berist Háskólanum á Hólum fyrir auglýstan umsóknarfrest í gegnum umsóknarkerfi skólans. Skólinn skuldbindur sig til að svara öllum umsóknnum innan mánaðar frá auglýstum umsóknarfresti. Til að innritast þarf nemandi að standa skil á innritunargjöldum, sbr. lög nr. 85/2008. Skólinn innheimtir sérstök gjöld s.s. fyrir efni, verknám og vettvangsferðir.

1.3 Mat á námi

Nemendur, sem áður hafa lokið sambærilegum námskeiðum á sama skólastigi og boðið er upp á í námi við Háskólann á Hólum, geta sótt um að fá námskeiðin metin til eininga. Við mat á fyrra námi er sérstökum verklagsreglum fylgt. Umsókn um mat á fyrra námi skal senda skriflega til kennslunefndar innan tíu virkra daga frá því að námskeiðið hefst. Með beiðninni skal leggja fram ítarleg gögn um það nám sem óskast metið. Almennt er eldra nám en 10 ára ekki metið og lágmarkseinkunn er 6,0. Heimilt er að leggja fyrir stöðupróf til þess að meta hæfni nemenda.

1.4 Námsseiningar - ECTS

Umfang námsins er mælt í ECTS (*European Credit Transfer System*) einingum. Hver eining endurspeglar heildarvinnu nemenda í náminu, s.s. viðveru í fyrirlestrum, æfingum, verklegum tímum, umræðutímum, prófum og verkefnum auk heimanáms. Að jafnaði er miðað við 20 – 30 klukkustunda vinnu á einingu.

1.5 Námsframvinda.

Nemendur skulu ljúka diplómugráðu innan þriggja ára frá fyrstu innritun. Um nám til B.A./B.S./B.Ed.-gráðu gilda eftirfarandi viðmið um námsframvindu:

Nemendur ljúki a.m.k. 40 ECTS á fyrsta ári, 90 ECTS á tveimur árum, 140 ECTS eftir þriðja ár og 180 ECTS eftir fjórða ár. Í sérstökum tilfellum, t.d. vegna veikinda eða annarra gildra aðstæðna, getur kennslunefnd samþykkt námstíma allt að sex árum. Kennslusvið fer í lok vormisseris hvers skólaárs yfir námsframvindu nemenda skólans.

Nemendum er heimilt að sækja um leyfi frá námi allt að tveimur árum. Umsókn um slíkt skal berast eigi síðar en 1. júní fyrir nám á haustmisseri og 1. október fyrir nám á vormisseri. Nemandi í leyfi frá námi skal greiða innritunargjöld, sem ákveðin eru af fjármálastjóri, á meðan á leyfinu stendur. Leyfi frá námi getur þó ekki leitt til lengri heildarnámstíma en sex ára.

Hafi nemandi ekki lokið tilskildum einingum þá glatar hann rétti sínum til að halda náminu áfram. Nemandanum er þó heimilt að innritast aftur í námið og nýttast honum þá öll námskeið sem hann hefur lokið innan síðustu 10 ára með einkunnina 6,0 eða hærra, svo fremi að þau séu enn skilgreind sem hluti af viðkomandi námsleið. Skólinn hefur heimild til að halda stöðupróf í þeim námskeiðum sem um ræðir. Nemendur sem lokið hafa diplómugráðu og óska þess að innritast í B.A./B.S./B.Ed. nám innan sömu deildar fá einingar úr diplómunáminu metnar á sama hátt og í samræmi við reglur um hverja námsleið.

1.6 Prófgráður og lærdómstitlar

Háskólinn á Hólum veitir eftirfarandi lærdómstitla og prófgráður í grunnnámi, í samræmi við lög nr. 57/1999 og lög nr. 63/2006:

- a) Diplóma - 60 ECTS
- b) Diplóma - 90 ECTS
- c) Diplóma – 120 ECTS
- d) *Baccalaureus Scientiarum* (B.S.) - 180 ECTS
- e) *Baccalaureus Artium* (B.A.) - 180 ECTS

1.7 Sameiginlegar námsleiðir

Háskólinn á Hólum getur stofnað til sameiginlegra námsleiða með öðrum háskólum. Sérstakar reglur eru settar um hverja námsleið.

1.8 Kennslufyrirkomulag, náms- og kennsluskrá

Kennsluárið skiptist í haust-, vor- og sumarönn. Haustönn er frá síðari hluta ágúst til desember, vorönn stendur frá janúar til maíloka og sumarönn frá júní til loka ágústs.

Háskólaráð staðfestir, ekki síðar en í febrúar ár hvert, námskrá fyrir verðandi nýnema og gildir hún fyrir nemendur sem innritast það námsár og stunda nám með eðlilegri námsframvindu. Kennsluvið annast gerð námskrár að fenginni staðfestingu deilda og skulu í henni vera skráð nöfn og númer allra námskeiða og stutt lýsing á efni hvers námskeiðs fyrir sig, ásamt skilgreiningum á hæfniviðmiðum sem nemendum er ætlað að búa yfir við lok námskeiðs. Jafnframt skal tilgreina kröfur um undanfara námskeiðs.

Árlega skal birta kennsluskrá fyrir háskólann í heild. Í kennsluskrá skal birta yfirlit yfir námskeið sem kennd eru á viðkomandi skólaári samkvæmt gildandi námskrám. Auk upplýsinga sem fram koma um einstök námskeið í námskrám skal í kennsluskrá jafnframt tilgreina frekari upplýsingar um umsjónarkennara, lesefni í viðkomandi námskeiði sem og á hvaða tungumáli það er kennt.

Tímasókn er frjáls, en þó má setja skilyrði um tímasókn einstakra námskeiðshluta, t.d. verklega tíma, staðarlotur, verknám og vettvangsnám, til að standast námskeiðið. Þetta skal tilgreint í kennsluáætlun sem afhenda ber nemendum við upphaf námskeiðs. Við Háskólann á Hólum er kennt á íslensku en heimilt er að bjóða kennslu á öðrum tungumálum enda sé þess getið í kennsluáætlun.

1.9 Reglur um námsmat

a) Í kennsluáætlun kemur fram hvernig staðið er að námsmati, svo sem skiptingu þess í próf, skrifleg verkefni, verklegar æfingar o.s.frv. og vægi þeirra í lokaeinkunn viðkomandi námskeiðs. Enn fremur fyrir hvaða þætti þess nemendur þurfa að standast lágmarkskröfur.

b) Kennarar skulu beita fjölbreyttum aðferðum við námsmat, eftir því sem tók eru á.

c) Lokaeinkunnir í námskeiðum eru vegið meðaltal allra námskeiðshluta og eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 - 10. Þær skulu vera reiknaðar með eftirfarandi hætti: Einkunn sem er jöfn eða hærri en 0,75 eða 0,25 skal hækkuð upp og einkunn sem er jöfn eða lægri en 0,74 eða 0,24 skal lækkuð niður. Þannig gefa einkunnir 6,75 til 7,24 einkunnina 7,0 og einkunnirnar 7,25 til 7,74 einkunnina 7,5 o.s.frv.

Til þess að ljúka námskeiði verður nemandi að hljóta að lágmarki lokaeinkunnina 5,0. Sé einkunn í námskeiði sett saman úr fleiri en einum námskeiðshluta skal reikna undireinkunnir fyrir hvern hluta með einum aukastaf. Ef nemendur þurfa að standast einstaka hluta námskeiðs verða þeir að ná einkunninni 5,0 fyrir viðkomandi hluta.

d) Aðaleinkunn er vegið meðaltal einkunna allra námskeiða í viðkomandi námi. Við lok diplómunáms skulu nemendur hafa náð 5,5 í aðaleinkunn, við lok B.A./B.S./B.Ed. náms skulu nemendur hafa náð 6,0 í aðaleinkunn.

e) Einkunnir eru trúnaðarmál milli skólans og viðkomandi nemanda sbr. lög nr. 90/18 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

1.10 Reglur um skráningu úr námskeiðum

Skráningu úr námskeiði skal skila til skrifstofu kennsluviðs áður en fjórðungur af námskeiðstímanum er liðinn. Nemendur sem hætta í námskeiði eftir að sá tími er liðinn teljast hafa þeytt námskeiðið.

1.11 Reglur um próf, verkefni og endurtökurétt

a) Um forföll í námsmati

Nemandi sem kemur ekki til prófs eða skilar ekki verkefni sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll telst hafa þeytt prófið/verkefnið og hlýtur einkunnina 0,0.

Nemandi sem ekki mætir til prófs eða þeytir ekki verkefni vegna veikinda eða annarra samþykktar ástæðna skal tilkynna forföll áður en próf hefst eða áður en skilafrestur verkefnis rennur út.

Læknisvottorði skal skilað til kennsluviðs skólans við fyrstu hentugleika en eigi síðar en innan fimm virkra daga, annars telst nemandinn hafa þeytt prófið/verkefnið. Það sama gildir ef um er að ræða veikindi barns og á einnig við ef hestur sem nota átti í prófi, slasast eða veikist.

Í tilteknum námskeiðum (sjá kennsluáætlanir) verður nemandi að uppfylla kröfur um mætingu til að eiga próftökurétt.

Nemandi getur óskað eftir framlengingu á skilafresti verkefnis hjá kennara viðkomandi námskeiðs. Slík ósk þarf að berast kennara áður en upphaflegur skilafrestur rennur út og nemandi að tilgreina gildar ástæður. Kennari getur neitað að taka við verkefnum eftir skilafrest.

Hafi nemandi ekki fengið framlengdan skilafrest á verkefni hjá kennara námskeiðsins, telst hann hafa fengið 0,0 í einkunn fyrir verkefnið.

b) Um sérúrræði og sérstakar aðstæður

Nemendur geta sótt um sérúrræði í prófum vegna lesblindu, fötlunar eða annarra álíka ástæðna. Viðkomandi þurfa þá að skila inn til kennslusviðs vottorði frá lækni eða sérfræðingi sem útskýrir og staðfestir ástandið.

Nemendur með erlent móðurmál geta sótt um lengdan próftíma.

Nemendur geta svarað prófum/skilað verkefnum á ensku að fengnu leyfi kennara. Sé námskeið kennt á ensku, skulu nemendur skila prófum/verkefnum á því tungumáli, nema kennari leyfi annað.

c) Um heimildanotkun og ritstuld

Nemendur mega ekki hafa með sér í próf önnur hjálpargögn en þau sem kennari heimilar. Nemendum með erlent móðurmál er heimilt að hafa orðabækur með sér í próf, hafi þær ekki aðrar en upprunalegar upplýsingar að geyma.

Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í námskeiðinu á viðkomandi skólaári. Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í prófi skal prófverkefnið og úrlausnin umsvifalaust tekin af nemandanum og málið tilkynnt til deildarstjóra sem skal taka málið til meðferðar, sbr. 19. gr. laga nr. 85/2008.

Í verkefnum og prófum þar sem nemandi hefur aðgang að gögnum skal ávallt geta þess hvaðan texti og upplýsingar eru fengnar og farið rétt með heimildir. Annað telst vera ritstuldur. Verði nemandi uppvís að ritstuldi leiðir það til lækkunar einkunnar fyrir verkefnið.

Ekki má nýta sömu úrlausn verkefnis oftari en einu sinni.

Alvarlegum brotum skal vísa til deildarstjóra til úrskurðar. Slík brot geta leitt til þess að nemandi falli í námskeiðinu og fyrirgeri rétti sínum til endurtöku þess á viðkomandi skólaári. Brot af þessu tagi getur leitt til áminningar eða brottvísunar úr skólanum.

d) Um viðveru kennara og einkunnaskil

Nemandi á rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga. Kennari sem heldur próf, eða staðgengill hans, skal vera tiltækur á meðan próf stendur yfir.

Kennarar skulu hafa lokið yfirferð prófa og verkefna og gefið einkunn eigi síðar en fimmtán virkum dögum eftir að próf er þreytt eða verkefni skilað.

e) Um ágreining um námsmat

Nemandi á rétt á að fá útskýringar kennara á mati úrlausnar sinnar ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji nemandi gera athugasemd við einkunn, eftir að hafa rætt við kennara, skal hann skila skriflegum athugasemdum til deildarstjóra innan mánaðar frá birtingu einkunnar. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki.

f) Um endurtökurétt

Nemandi sem ekki nær lágmarkslokaeinkunn í námskeiði skal endurtaka á sama skólaári þá þætti námskeiðs þar sem hann hefur ekki uppfyllt lágmarkskröfur. Standist hann ekki endurtöku viðkomandi námskeiðshluta skal hann endurtaka námskeiðið næst þegar það er haldið, nema annað sé tekið fram í kennsluáætlun. Nái nemandi ekki prófi/verkefnum í námskeiði í þriðju tilraun þarf hann skrá sig aftur í námið.

Nemandi sem ekki hefur skilað verkefni innan skilafrests, eða ekki fengið löglega framlengingu á skilafresti, hefur fyrirgert rétti sínum til endurtöku þessa verkefnis á því skólaári.

Skólinn innheimtir sérstakt gjald fyrir endurtöku, sem miðast við raunkostnað skólans vegna endurtöku prófa og endurtöku verkefna. Nemandi er ekki heimilt að þreyta endurtökupróf/skila verkefni fyrr en þetta gjald hefur verið greitt.

Við endurtöku verkefnis skal skilafrestur, að jafnaði vera eigi síðar en tveimur vikum eftir að nemandi er birt falleinkunn í viðkomandi verkefni. Nemandi sem endurtekur verkefni getur þó aldrei hlotið hærri einkunn en 5,0 fyrir það.

Falli nemandi í verklegu prófi eða verkefni þá skulu líða minnst tveir dagar áður en prófið/verkefnið er endurtekið. Nemandi er heimilt að óska sérstaklega eftir því að fallið sé frá þessari reglu. Skal sú beiðni metin af kennara námskeiðsins í samráði við kennsluvið.

2. kafli – Reglur um framhaldsnám

2.1 Svið framhaldsnáms

Svið framhaldsnáms hefur yfirumsjón með framhaldsnámi sbr. 8. gr. starfsreglna Háskólans á Hólum.

2.2 Umsóknarfrestur

Tekið er við umsóknum um nám til meistaragráðu við Háskólann á Hólum hvenær sem er ársins. Inntaka nýrra framhaldsnema miðast við upphaf einhverrar af hinum þremur öðrum skólaársins, eftir því sem við á hverju sinni og í samráði við væntanlegan leiðbeinanda.

2.3 Meðferð umsókna

Ferli umsókna um meistaranámið er eftirfarandi:

- a) Nemandi sækir um inngöngu í meistaranám á sérstökum eyðublöðum, sem fást afhent hjá framhaldsnámssviði skólans. Umsókn um meistaranám skulu fylgja drög að náms- og rannsóknaráætlun sem unnin er í samvinnu við væntanlegan umsjónarkennara nemandans við Háskólann á Hólum. Upplýsingar um fjármögnun rannsóknarverkefna skulu fylgja umsókn, eftir því sem við á.
Umsókn skal skilað til framhaldsnámssviðs Háskólans á Hólum, þars sem hún er skráð og send til umfjöllunar í framhaldsnámsnefnd.
- b) Framhaldsnámsnefnd afgreiðir umsóknir og skipar umsjónarkennara (sbr. gr. 2.6 í námsreglum) að fenginni tillögu deildar.
- c) Framhaldsnámsnefnd skipar meistaraþrófsnefnd nemandans (sbr. gr. 2.8 í námsreglum) að fenginni tillögu umsjónarkennara.
- d) Afgreiðslu umsókna skal lokið svo fljótt sem auðið er eftir að fullunnin umsókn berst.
- e) Hafi framhaldsnámsnefnd samþykkt umsókn, annast framhaldsnámssvið skráningu nemandans til náms, og sér um að fjármálasvið innheimti árleg innritunargjöld. Skuli gjöldin greidd af rannsóknarverkefni eða rannsóknarsjóði innan skólans, ber umsjónarkennara að annast umsýslu þess.

2.4 Inntökuskilyrði

Til að geta innritast í nám til meistaraþrófs við Háskólann á Hólum þarf nemandi að hafa lokið B.S./B.A./B.Ed. prófi með lágmarkseinkunn 6,5 eða sambærilegu prófi sem framhaldsnámsnefnd viðurkennir. Heimilt er að víkja frá ákvæðum um ofangreindar lágmarkseinkunnir ef fyrir liggja rökstuddar ástæður. Nemendur sem ekki eiga íslensku eða ensku að móðurmáli þurfa að sýna fram á færni í ensku (TOEFEL) eða íslensku (ríkisborgarapróf).

2.5 Einingafjöldi, framvinda og samsetning náms

Nám til meistaraþrófs (M.A. / M.S.) er 120 ECTS (að jafnaði tveggja ára full vinna). Meistaránám skal innihalda rannsóknarverkefni (30, 60 eða 90 ECTS), sem unnið er undir leiðsögn sérfræðinga við Háskólann á Hólum eða annarra sérfræðinga sem framhaldsnámsnefnd samþykkir. Einnig þarf nemandi að sækja námskeið (30, 60 eða 90 ECTS), sem samþykkt eru af meistaraþrófsnefnd.

Sjái nemandi fram á að geta ekki lokið náminu á tveimur árum, skal hann sækja um áframhaldandi innritun til framhaldsnámsnefndar, þó þannig að heildarnámstími verði ekki lengri en þrjú og hálft ár. Í sérstökum tilfellum, t.d. ef nemandi stundar nám sem hlutastarf, getur framhaldsnámsnefnd samþykkt námstíma allt að fimm árum.

Nemendum er heimilt að sækja um leyfi frá námi allt að tveimur árum. Umsókn um slíkt skal berast eigi síðar en 1. júní fyrir nám á haustmisseri og 1. október fyrir nám á vormisseri. Nemandi í leyfi frá námi skal greiða skrásetningargjöld, sem ákveðin eru af framhaldsnámssviði, á meðan á leyfinu stendur.

2.6 Umsjónarkennari og leiðbeinandi

Sérhver nemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara (þeirra sem hlotið hafa hæfnisdóm til að gegna stöðu háskólakennara skv. lögum um háskóla nr. 63/2006). Nemandi ráðfærir sig við umsjónarkennara sinn um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem tengist náminu.

Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í lokaverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Deildin getur þó heimilað nemanda að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum (sbr. 2.7).

2.7 Kröfur til umsjónarkennara og leiðbeinanda

Umsjónarkennari skal vera fastur kennari í viðkomandi grein. Leiðbeinandi nemanda í framhaldsnámi skal vera viðurkenndur sérfræðingur á viðkomandi fræðasviði og hafa birt ritsmíðar í ritrýndum alþjóðlegum tímaritum á sviðinu. Rannsóknarverkefni nemandans skal vera á sérsviði leiðbeinandans.

2.8 Meistaraþrófsnefnd

Meistaraþrófsnefnd skal skipuð minnst tveimur sérfræðingum á fræðasviðinu og er annar þeirra umsjónarkennarinn. Heimilt er að skipa þriðja manninn í nefndina ef þurfa þykir. Hlutverk hennar er að fylgjast með því að framvinda námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur Háskólans á Hólum. Nefndin metur framvindu námsins og gæði vinnunnar út frá frammistöðu nemanda.

2.9 Prófdómari og prófnefnd

Prófdómari, tilnefndur af meistaraþrófsnefnd og skipaður af framhaldsnámsnefnd, skal leggja mat á lokaverkefni meistaránema ásamt prófnefnd (sbr. gr. 2.10). Prófdómari skal að öðru jöfnu ekki vera starfsmaður Háskólans á Hólum. Prófnefnd nemandans er skipuð prófdómara og meðlimum í meistaraþrófsnefnd hans.

2.10 Námsmat í meistaranámi

Greinargóð lýsing á rannsóknarverkefni og rannsóknaráætlun skal í síðasta lagi liggja fyrir í lok annarrar námsannar. Innan eins árs frá upphafi náms til meistaraþrófs skal nemandi halda opinn fyrirlestur (t.d. á málstofu) þar sem fræðilegar forsendur rannsóknarverkefnis eru reifaðar, rannsóknaráætlun er skýrð og fyrstu niðurstöður kynntar, ef við á. Á grundvelli þessara gagna leggur meistaraþrófsnefnd mat á framvindu námsins og hvort nemandi skuli leyft að halda áfram meistaranámi. Ef nefndin metur það svo að nemandi skuli synjað um áframhaldandi nám skal framhaldsnámsnefnd einnig fjalla um og skera úr um málið. Nemandi skulu þá kynntar niðurstöður matsins með fullnægjandi rökstuðningi.

Rannsóknarverkefni til meistaraþrófs lýkur með því að nemandi leggur fram ritgerð, heldur fyrirlestur um verkefnið og ver ritgerðina fyrir prófnefnd. Ritgerð skal skilað inn til framhaldsnámssviðs þremur vikum fyrir vörn hið minnsta. Sviðið fer yfir námsferil nemandans, staðfestir að nemandi sé heimilt að verja ritgerð og upplýsir framhaldsnámsnefnd um það. Ritgerð og fyrirlestur skulu metin af prófnefnd, sem er skipuð skv. grein 2.9. Vörn skal stýrt af formanni prófnefndar sem að jafnaði er fulltrúi viðkomandi deildar í framhaldsnámsnefnd.

Prófnefnd gefur eftirfarandi umsagnir:

Staðið með ágætum - Framúrskarandi vinna án athugasemda.

Staðið - Minni háttar athugasemdir við ritgerð sem nemi lagar í samráði við umsjónarmann og leiðbeinanda.

Staðið með skilyrðum - Nemandi þarf að gera viðamiklar breytingar á ritgerð og fær til þess tiltekinn frest (sem að öðru jöfnu er einn mánuður). Breytingarnar skulu bornar undir prófnefnd og telji hún þær ekki fullnægjandi, telst nemandinn fallinn.

Fallið - Ófullnægjandi árangur annað hvort í ritgerð eða vörn. Falli nemandi á meistaraþrófsvörninni er honum heimilt að endurtaka hana innan mánaðar; falli hann á ritgerðinni hefur hann sex mánuði til að endurbæta hana og verja aftur.

Nemandi getur ekki gert fleiri en tvær tilraunir til varnar á sömu meistararitgerð/verkefni..

2.11 Námskeið

Í meistaranámskeiðum er lágmarkseinkunn 5,0. Sé nemandi heimilt að taka námskeið á BA/BS/BEð stigi skal lágmarkseinkunn í þeim námskeiðum vera 6,0.

2.12 Skil og frágangur lokaverkefna

Endanlegri útgáfu meistaraþrófsritgerðar skal skilað eigi síðar en einum mánuði frá vörn, nema prófnefnd ákveði annað. Ritgerð skal vera á íslensku eða ensku, en útdráttur á báðum tungumálum

skal fylgja hverri meistaraþrófsritgerð. Uppsetning og frágangur ritgerðar skal fylgja sniðmáti sem framhaldsnámsnefnd hefur samþykkt.

2.13 Reglur um grunnnám sem einnig gilda um meistaranám

Um meistaranám gilda einnig reglur 1.3, 1.4, 1.7, 1.8, 1.9, 1.10 og 1.11 úr reglum um grunnnám á háskólastigi

2.14 Tengsl við aðra háskóla

Hluta meistaranáms má stunda við aðra háskóla eða viðurkenndar rannsóknastofnanir.

2.15 Lærdómstitlar

Meistarapróf veitir rétt til lærdómstitilsins *Magister Scientiarum* (M.S.) eða *Magister Artium* (M.A.).

3. kafli – reglur um málskotsrétt nemenda

3. Málskotsréttur nemenda

3.1 Niðurstöður prófa og úrskurðir deilda

Nemendur geta áfrýjað niðurstöðum námsmats og öðrum úrskurðum deilda/deildarstjóra.

3.2 Úrskurðarnefnd kærumála

Sætti nemandi sig ekki við úrskurð deildarstjóra getur hann áfrýjað honum innan mánaðar frá því að honum er birtur úrskurður. Áfrýjun skal skila til rektors sem skipar úrskurðarnefnd kærumála í hvert skipti. Nefndin skal skila úrskurði innan mánaðar og þeim úrskurði nefndarinnar má áfrýja til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema sbr. 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

3.3 Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema

Nemendur geta samkvæmt 20. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og reglum menntamálaráðuneytis nr. 550/2020 skotið máli sínu til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema.

Samþykkt af háskólaráði 3. september 2020,

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor.